

SKIPULAGSSKRÁ
fyrir Minningarsjóð hjónanna Málfríðar Guðbjartsdóttur
og Hákonar Jónssonar.

1. gr.

Miningarsjóður hjónanna Málfríðar Guðbjartsdóttur og Hákonar Jónssonar, fyrrum ábúenda á Hnjóti í Örlygshöfn, var stofnaður af syni þeirra, Guðmundi Jóni Hákonarsyni, kt. 110110-4219, Bólum 6 á Patreksfirði, sem áður var búsettur á Hnjóti. Heimili sjóðsins og varnarþing er á Patreksfirði, Vesturbýggð.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er líknarstarfsemi innan V-Barðastrandarsýslu. Skulu styrkir úr sjóðnum veittir sem hér segir:

1. Til fátækra fjölskyldna eða einstaklinga.
2. Til munaðarlausra barna sem ekki njóta öruggar framfærslu.
3. Til þeirra sem orðið hafa fyrir fráfalli fyrirvinnu.
4. Til þeirra sem orðið hafa fyrir fjárhagslegum áföllum vegna náttúruhamfara, eldsvoða, slysa eða veikinda.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins var kr. 10.000.000 sem Guðmundur Jón Hákonarson lagði fram til minningar um foreldra sína.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða en vöxtum, verðbótum, gjöfum, áheitum og öðrum tekjum, sem sjóðnum kann að áskotnast skal varið í samræmi við tilgang sjóðsins, sbr. 2. gr. hér að ofan.

5. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörsu útibússtjóra Landsbankans hf. á Patreksfirði, sem skal varðveita hann á sparireikningi í útibúi bankans á Patreksfirði á hæstu mögulegu vöxtum slíks reiknings.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera skipuð þremur aðilum. Formaður stjórnar skal vera útibússtjóri Landsbankans hf. á Patreksfirði. Einnig skulu sitja í stjórninni söknarpresturinn á Patreksfirði og sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps. Heimilt er að greiða stjórnarmönnum þóknun. Formaður stjórnar skal fara með prókúruumboð vegna bankareikninga sjóðsins.

7. gr.

Úthluta má styrkjum úr sjóðnum árlega, að hámarki kr. 1.000.000 á hverju almanaksári. Aldrei má þó úthluta meiru en sem nemur vaxtatekjum og áunnum verðbótum næstliðins árs, auk gjafa, áheita og annarra tekna þess árs, eftir að kostnaður við sjóðinn, s.s. við reikningagerð og endurskoðun, hefur verið greiddur, nema að upp komi sérstakar ófyrirséðar aðstæður. Lágmarksfjárhæð innstæðu skal þó aldrei vera lægri en kr. 35.000.000. Auglýsa skal eftir umsóknum eða ábendingum um styrki úr sjóðnum árlega á þeim stöðum sem venja er að birta opinberar upplýsingar í V-Barðastrandarsýslu. Berist engin umsókn eða ábending leggjast vextir, gjafir, áheit og aðrar tekjur síðasta árs við stofnfé sjóðsins.

8. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilda endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

Nr. 1024

2. nóvember 2015

9. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, enda sé meirihluti stjórnarinnar samþykkur breytingunum. Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á breytingum. Samþykki meirihluti stjórnar að leggja sjóðinn niður skulu eignir hans renna til líknarmála.

10. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari, sem kemur í stað skipulagsskrár nr. 55/1999.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 2. nóvember 2015,

Björn Hrafinkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 16. nóvember 2015